

Fundur nr. 165

Ár 2018, föstudaginn 9. febrúar kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Þórlaug Ágústsdóttir  
Einar Brandsson  
Björgvin Helgason  
S. Björn Blöndal  
Líf Magneudóttir  
Magnús Smári Snorrason

Áheyrnarfulltrúar:

Þorsteinn F. Friðbjörnsson  
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Útboð endurskoðunarþjónustu. Bréf Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar varðandi tillögu um val á ytri endurskoðendum.  
**Í erindinu kemur fram að ákveðið hafi verið á grundvelli niðurstöðu útboðs að semja við Grant Thornton endurskoðun ehf. um ytri endurskoðun frá árinu 2018.**
2. Drög að niðurstöðu ársreiknings 2017.  
**Gerð var grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðu ársins 2017 og vinnu við endurskoðun.**
3. Tilkynning Norðuráls dags 28.1 2018 um framlengingu á hafnarsamningi og lóðarleigusamningi.  
**Tilkynningarnar lagðar fram.**
4. Skipulagsmál:
  - a. Erindi ASK arkitekta dags. 25.1.2018 f.h. Landbergs ehf. þar sem sótt er um stækkun lóðar fyrir nýbyggingu að Köllunarklettsvegi 2 ásamt afstöðumynd.  
**Hafnarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar en þá mun kostnaðarmat vegna nauðsynlegra framkvæmda við lóð og umhevrí liggja fyrir.**
5. Skýrsla Innri endurskoðunar - yfirferð stjórnar.  
**Hafnarstjórn fór yfir ábendingar og þau verkefni sem fram koma í skýrslu Innri endurskoðunar. Hafnarstjóra falið að útfæra þau atriði sem samþykkt er að skoða frekar.**

6. Minnisblað forstöðumanns rekstrardeildar dags. 5.2.2018 um ástand verbúðarbryggju (safnabryggju).  
**Lagt fram. Hafnarstjóra falið að láta vinna að hönnun nýrrar bryggju þar sem núverandi verbúðarbryggja næst Sjóminjasafninu þarfnast endurbýggingar.**
7. Aðalskipulag Akraness 2018-2030. Greinagerð, Stefna, Skipulagsákvæði og umhverfisskýrsla. Yfirlitsmynd af Akraneshöfn.  
**Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn.**
8. Forkaupsréttarmál:  
a. Erindi dags. 29.1.2018 varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti vegna sölu Hólmaslóðar 6, fastanúmer 200-0094. Kaupandi Katrín Þorvaldsdóttir, kt. 150549-2569. Seljandi Sjóli ehf. kt. 591065-0179.  
**Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti eignarinnar enda sé starfsemin í samræmi við lóðarleigusamning og deiliskipulag.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 10:30

Kristin V.  
Sig. B. Blönd

Ólafur

Maeris Hauks

Jón Þorvaldsson

Eindri Brandsson

Þórlaug Agústa  
Ingibjörg Valdimarsd.

Þorsteinn Friðbjörnsson

Björgvin Selgan

Sisti Gíslason